

FISK-Seafood hf  
Háeyri 1  
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 5. september 2019  
UST201907-191/F.T.  
08.12.01

### **Framlenging og færsla starfsleyfis**

Vísað er til umsóknar rekstraraðilanna Hólalax hf. kt. 601279-0299 og Fisk-seafood ehf., kt. 461289-1269 þar sem óskað er eftir því að færa starfsleyfi fyrir rekstri fiskeldis á Hólum, Sauðárkróki, útgf. 22. febrúar 2007, af rekstraraðila Hólalax hf. yfir á rekstraraðila Fisk-seafood ehf. Sömuleiðis hefur þess verið óskað að gildistími starfsleyfisins verði framlengdur með vísan til 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, á meðan umsókn rekstraraðila um nýtt starfsleyfi er í vinnslu hjá stofnuninni.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um færslu starfsleyfis, sbr. gr. 1.1 í starfsleyfinu, sem er breyting á starfsleyfi skv. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Ekki er um að ræða breytingu á starfsleyfisskilyrðum. Með þessu færast öll réttindi og skyldur varðandi starfsleyfið til Fisk-seafood ehf., kt. 461289-1269. Stofnunin fellst einnig á að gildistími leyfisins verði framlengdur til 1. maí 2020.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá nýjum rekstraraðila, Fisk-seafood ehf., skv. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 535/2015, eða kr. 52.800 kr.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um færslu starfsleyfis er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar, sjá 65. gr. laga nr. 7/1998 sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst



Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri



Frigg Thorlacius  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur